

Enska

Fyrir Íslendinga gegnir enskan lykilhlutverki í alþjóðlegum samskiptum, á sviði stjórn mála og viðskipta, æðri menntunar, ferðaþjónustu og tölvusamskipta svo aðeins fá dæmi séu nefnd. Mikilvægir viðskiptamarkaðir Íslendinga eru í Bandaríkjum Norður-Ameríku og á Bretlandseyjum og í viðskiptum við aðrar þjóðir er enskan einnig mjög mikilvæg. Margir íslenskir námsmenn, sem leita utan til náms, stunda háskólanám í enskumælandi löndum. Þess má einnig geta að í vaxandi mæli er boðið upp á háskólanám á ensku í löndum utan enskumælandi landa. Það er þó ekki aðeins við nám erlendis sem góð enskukunnátta er nauðsynleg. Góð lestrarfærni í ensku er mikilvæg forsenda náms á háskólastigi á Íslandi því að smæð markaðarins veldur því að ekki er hagkvæmt að þýða og gefa út kennslufni á íslensku. Fræðimenn, sem koma vilja verkum sínum á framfæri á alþjóðavettvangi, nota gjarnan til þess ensku. Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein og stór hluti erlendra ferðamanna kemur frá enskumælandi löndum. Því er staðgóð enskukunnátta nauðsynleg öllum er starfa á þeim vettvangi. Tölvusamskipti og margmiðlunartækni ýmiss konar krefjast haldgóðrar enskukunnáttu. Bylting á sviði ljósvakafjölmíðlunar hefur haft það í för með sér að Íslendingar hafa nú aðgang að alls kyns ótextuðu eða ótallettu efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu. Síðast en ekki síst veitir enskukunnátta okkur innsýn í fjölbreyttan menningarheim sem nær út fyrir Bretland og Bandaríkin og má þar nefna Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálandi auk þeirra landa þar sem enska er töluð sem annað mál. Af þessu má vera ljóst að enskukunnátta er mikilvæg hverjum einstaklingi í nútímasamfélagi og á öllum sviðum mannlífsins.

Markmið

Hlustun: að nemandi skilji einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt.

Lestur: að nemandi geti lesið og skilið stutta texta með grunnorðaförða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.

Samskipti: að nemandi geti haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaförða og kann að beita algengustu kurteisvenjum.

Frásögn: að nemandi geti í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaförða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum.

Ritun: að nemandi geti skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar og stafsett flest algengustu orðin.

Menningarlæsi: að nemandi geti sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu.

Leiðir

Hlustun: hlustunaræfingar, tónlist, ljóð, sjónvarpsþættir, bíómyndir og fl.

Lestur: námsbækur, smásögur, textaðar myndir, teiknimyndasögur, ljóð og efni á internetinu.

Samskipti: samtalsæfingar og samtöl við kennara.

Frásögn: samtalsæfingar og kynningar nemenda á eigin verkefnum.

Ritun: námsbækur, plaköt, stutt ritunarverkefni, tölvupóstur og fl.

Menningarlæsi: námsbækur, umfjöllun um daglegt líf á internetinu, heimsóknir, enska bíómyndir og sjónvarpsþættir og fl.

Námsmat

Skriflegt lokapróf eftir 1. 2. og 3. önn. Vinnubækur og vinnusemi er metið eftir hverja önn . Verkefni sem unnin eru út frá bíómyndum, sjónvarpsþáttum, þemaverkefni og kynningar eru metin til einkunnar. Sjálfsmat, jafningjamat og kennaramat.

Námsgögn

Bækur: Spotlight 8

Bíómyndir: Billy Elliot, Mysterious cities of Gold

Skáldsögur til samlestrar: Þeir nemendur sem ráða við að lesa skáldsögur eiga kost á að lesa Animal Farm